

Mánudaginn 21. október 1935.

Nr. 91/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Hjalta Benediktssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. júní 1935: Kærður, Hjalti Benediktsson, greiði 80 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 4 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Brot kærða hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 6. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms og með tiliti til þess, að brotið var framið án nokkurrar nauðsynjar og að enginn hraðamælir var í bifreiðinni og hafði ekki verið þær 3—4 vikur, sem kærði hafði ekið henni, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4. vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 15 daga. Með þessari breytingu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjalti Benediktsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, en sæti einföldu fangelsi í 15

daga, ef hún verður eigi greidd innan 4. vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði og allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmála-flutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hjalta Benediktssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis Arnargötu 10 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70, 1931, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2, 1930.

Málavextir eru þeir, er hér greinir:

Aðfaranótt hins 21. s. l. mánaðar kom á lögreglustöðina Steindór Einarsson, bifreiðaeigandi og kærði yfir því að hann hefði þá um nóttina staðið bifreiðina R. E. 148 að ofsa hörðum akstri innan við bæinn. Var hann sjálfur á bifreið og elti R. E. 148 til þess að mæla hraða hennar og komst hann yfir 100 km miðað við klukkustund, en ekki kveðst hann þó hafa horft á hraðamæli bifreiðar sinnar lengra en upp að 80 km., en fann þó að hraðinn jókst eftir það.

Með Steindóri var sem bifreiðarstjóri á bifreið hans Vilhjálmur Þórðarson. Hefir hann verið leiddur sem vitni í málinu og borið það, að hraðinn á bifreið sinni hafi komizt upp í 105 km. í eltingaleiknum og dró þó sundur með bifreiðunum á beygjum.

Þegar lögreglunni var gert aðvart brá hún þegar við og leitaði bifreiðina uppi. Var hún þá á Suðurlandsveginum inn undir Tungu. Fullvissuðu lögregluþjónarnir sig um það að bifreiðastjórinn væri ekki undir áhrifum áfengis og

leyfðu honum svo að fara. Athuguðu þeir hraða bifreiðarinnar nokkuð á leið og hafa borið að hann hafi á spotta, ekki verið undir 50—60 km. miðað við klukkustund.

Kærður í málinu er bifreiðarstjóri á bifreiðinni R. E. 148 og hefir hann synjað fyrir að hafa farið á þessum hraða. Kveðst hann hafa farið frekar hægt, þetta 30—35 km. miðað við klukkustund, eftir því sem mælir bifreiðar sinnar hafi sýnt.

Að tilhlutun lögreglunnar voru mælir bifreiðanna prófaðir af bifreiðæftirlitsmönnum og reyndist mælirinn réttur á bifreið Steindórs. Mælirinn á bifreið kærðs reyndist aftur á móti vera ónýtur og verka ekki og gátu visirarnir ekki komizt herra en á 35 mílur. Viðurkennði þá kærður að mælirinn hafi verið í þessu ástandi síðan hann tók við bifreiðinni síðast í apríl s. l.

Með framangreindum vitnaframburði verður að teljast sannað að kærður hafi brotið ökuhraðareglur bifreiðalaganna, 6., sbr. 14. gr. og 46., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar á stórkostlegan hátt. Þykir refsing hans, sem einu sinni áður hefir verið sektaður fyrir of harðan akstur, svo kunnugt sé, hæfilega ákveðin 80 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 4 sólarhringa. Málskostnað greiði kærður einnig.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 21. október 1935.

Nr. 99/1935. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

Snorra Halldórssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun á almannafæri.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. maí 1935: Kærður, Snorri Halldórsson, greiði 400 króna sekt til Menningar-sjóðs. Sektin greiðist innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu